



Fréttabréf Naustaskóla

2. töl. 10. árg. 5. febrúar 2018

Ábyrgðarmaður: Bryndís Björnsdóttir

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Endurmat á stefnu skólans

Vinnuhópur um endurmat á ákveðnum þáttum í stefnu Naustaskóla hefur tekið til starfa. Hópurinn mun, í samráði við hagsmunaaðila skólasamfélagsins, leggja mat á það sem mögulega mætti betur fara í skólanum og stefnt er að því að skila tillögum að hugsanlegum breytingum á þessari önn.

Námsframvinda nemenda

Við viljum minna foreldra og forráðamenn á að hægt er að fylgjast vel með námsframvindu nemenda inni á Mentor. Með því að smella á „Námsmat“ má sjá hvernig nemendum gengur að ná markmiðum í hinum ýmsu námsgreinum hér í skólanum.



Kæra skólasamfélag

Það má segja að við séum stödd í seinni hálfleik skólaársins og skóladagatal 2018 –2019 er að taka á sig mynd. Nú eru foreldraviðtölin að baki og foreldrar og nemendur hafa fengið samtalið við umsjónarkennara um námslega stöðu eftir haustönnuna. Ein af meginstöðum í stefnu Naustaskóla er að efla sjálfstæði nemenda og ábyrgð þeirra á eigin námi og hafa kennarar eflaust rætt þessa þætti við nemendur sína og foreldra þeirra í viðtölunum. Það að læra að taka ábyrgð á námi sínu og að læra að nýta sér þær bjargir sem lagðar er upp hendur á nemendum er gott veganesti til framtíðar. Fræðimenn hafa lagt á það áherslu að besta veganesti fyrir nemendur á 21. öldinni sé að kunna sjálfstæð vinnubrögð, að geta tekið ábyrgð á eigin námi og hegðun og að kunna að vinna með öðrum. Búi einstaklingur yfir slíkri færni séu honum flestir vegir færir. Af gefnu tilefni viljum við minna á þá augljósu staðreynd að nemendur sem fá frí missa af skólastarfinu á meðan þeir eru í burtu. Sá missir er á ábyrgð foreldra og forráðamanna. Kennarar eru ávallt tilbúnir að búa til námspakka sé þess óskað fyrir lengri leyfi.

Framundan er síðan mikil gleði, bolludagur og sprengidagur, en þann dag koma allir í búningum til að hita upp fyrir öskudaginn. Við minnum á vetrarfríið sem hefst á öskudaginn, þann dag er Frístund opin allan daginn, en lokuð fyrir hádegi á fimmtudag 15. febrúar og föstudaginn 16. febrúar. Við erum byrjuð að huga að undirbúningi fyrir árshátíð skólans sem verður í mars og göngum glöð og bjartsýn á móti hækandi sól.

Bryndís, Alla og Þorgeir.



Foreldrar verum samtaka



Útivistarreglurnar

Á skólatíma
(1. september til 1. maí)

12 ára börn og yngri mega ekki vera úti eftir kl. 20
13 – 16 ára börn mega ekki vera úti eftir kl. 22


Tölvukaup

Í janúar festi skólinn kaup á þónokkrum fjölda af Chromebook tölvum sem koma til með að nýtast nemendum á unglíngastigi við námið í skólanum. Einnig voru keyptir nýir i-Padar og framundan gerum við ráð fyrir að kaupa ýmis tæki og tól sem koma að góðum notum, t.d. við forritunarkennslu og ýmislegt fleira.



Gjöf frá foreldrafélaginu

Foreldrafélag Naustaskóla færði skólanum nýverið peningagjöf að andvirði 100.000 kr. sem ætlaðar voru til kaupa á nýjum bókum fyrir bókasafnið. Anna Margrét bókavörður tók þessu fagnandi og skundaði á bóksöluþátt bæjarins og nýtti peninginn afar vel í nýjar og skemmtilegar bækur sem nemendur hafa kunnað vel að meta. Við þökkum foreldrafélaginu kærlega fyrir þessa veglegu gjöf sem kemur sér afar vel, enda góður bókakostur nauðsynlegur til þess að sem flestir nemendur geti fundið sér áhugaverðar og skemmtilegar bækur.





Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Skíðadagur í Hlíðarfjalli

Nemendum og starfsfóli Naustaskóla var boðið á skíði í Hlíðarfjalli í lok janúar. Dagurinn heppnaðist frábærlega í góðu veðri, þótt sumum hafi reyndar orðið býsna kalt í frostinu. Hér má sjá nokkrar myndir frá deginum, en fleiri myndir má nálgast í gegnum heimasíðu Naustaskóla.



Heimsóknir í skólann

Við viljum minna foreldra og forráðamenn á að skólinn stendur ykkur ávallt opin til þess að koma í heimsókn, hvort sem það er til þess að fylgjast með kennslu, ræða við starfsfólk eða fá sér kaffibolla. Þegar þið komið til að fylgjast með kennslu viljum við þó biðja ykkur um að taka tillit til þess að kennarar eru uppteknir við kennslu og hafa því takmarkaðan tíma í spjall. Ef þið viljið ná á kennurum til þess að ræða einhver málefni er best að panta viðtalstíma.



Hæfileikakeppni nemenda

Hæfileikakeppni nemenda fór fram þann 11. janúar síðastliðinn og var gríðarlega góð þátttaka í keppninni að þessu sinni. Ljóst er hér í Naustaskóla er fjölmargt hæfileikafólk á hinum ýmsu sviðum, en atriðin voru fjölbreytt og skemmtileg. Dómnefndin átti erfitt verkefni fyrir höndum að velja sigurvegara úr þessum flotta hópi en úrslitin urðu eftirfarandi.

1. sæti: Þórunn Birna Kristinsdóttir í 5. bekk fyrir dans
2. sæti: Anna Líf Diego í 3. bekk fyrir dans
3. sæti: Jóhann Valur Björnsson í 5. bekk fyrir hljómborðsleik





Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Febrúar 2018

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
				1.	2.	3.
					Dagur stærðfræðinnar.	
4.	5. Svikkinn héri, kartöflur, salat og brún sósa. Ávextir	6. Lax í mangósósu, hrísgrjón og salatbar. Ávextir	7. Kjöt í karrý, kartöflur og paprika. Ávextir	8. Fiskipottréttur, hrísgrjón og salat. Ávextir	9. Blómkálssúpa, brauð og salatbar. Ávextir	10.
11.	12. Fiskibollur, hrísgrjón, súrsæt sósa og gulrætur. Ávextir Bolludagur	13. Saltkjöt og baunir. Ávextir Náttfata/búningadagur Sprengidagur	14. Öskudagur Vetrarfrí. Frístund opin 8-16.	15. Vetrarfrí. Frístund opin 13-16.	16. Vetrarfrí. Frístund opin 13-16.	17.
18.	19. Plökkfiskur, rúgbrauð og salatbar. Ávextir	20. Kjötballur, kartöflur, brún sósa og salat. Ávextir	21. Steiktur fiskur í raspi, hrísgrjón, dressing og salatbar. Ávextir	22. Pizza. Ávextir	23. Grjónagrautur og slátur. Ávextir	24.
25.	26. Hakk og spaghetti. Ávextir	27. Fiskiklattar, kartöflur, hvítlauksdressing og salatbar. Ávextir	28. Lambasnitsel, kartöflur, brún sósa og gúrka. Ávextir	1. mars Fiskur í spínatrjóma, bygg og salat. Ávextir	2. mars Ápassúpa, brauð og salatbar. Ávextir	3. mars

Vetrarfrí 14.-16. febrúar.

Frístund er opin þann 14. febrúar frá 8-16 og 15. og 16. febrúar frá 13-16.